


Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Prándur, Bragi og Jónas.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni: Viðbrögð við því að landsliðsmaður sem hafði unnið sér rétt til að spila í Davis cup fyrir Íslands hönd dró sig óvænt í hlé.

Talsverðar umræður spunnust um málið. Sjaldan hefur verið lögð jafn rík áhersla á að leikmenn gætu tryggt sér landsliðssæti með árangri sínum, þannig að huglægt mat stjórnarmanna og þjálfara hefði sem minnst áhrif. Því olli það stjórninni vonbrigðum að leikmenn nýttu þessa möguleika ekki sem skyldi og að lokum dró leikmaður sig í hlé sem hafði unnið sér rétt til að spila í landsliði. Spurningin var hvort finna ætti fjórða mann í liðið með því að spila um sætið eða velja leikmann eða senda bara þrjá á mótið. Að lokum var ákveðið að illskást væri að senda að þessu sinni aðeins þrjá á mótið.